

LEIÐBEININGAR VEGNA HÚSALEIGUBÓTA

UMSÓKNARFRESTUR

Umsókn skal hafa borist í síðasta lagi. 16. dag fyrsta greiðslumánaðar og ef umsókn berst seinna verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar. Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn koma bætur ekki til greiðslu í næsta mánuði á eftir. Þá skal sveitarfélag gera umsækjanda grein fyrir því sem ábótavant er og gefa honum kost á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Réttur til bóta miðast þá við umsóknartímann, berist fullnægjandi göng innan gefins tveggja mánaða frests. Það er mikilvægt að vita að til að tryggja sér bótarétt í mánuðinum sem upphaf leigu er í, þarf umsókn að berast fyrir 16. þess mánaðar. Ef öll fylgigögn eru ekki tilbúin fyrir 16. dag mánaðarins er mikilvægt að leggja inn umsóknareyðublaðið til að tryggja sér bótaréttinn fyrir mánuðinn.

GILDISTÍMI UMSÓKNAR

Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka. Umsækjendur þurfa að endurnýja umsókn sína fyrir 16. janúar til þess að greiðslur falli ekki niður.

LENGD HÚSALEIGUSAMNINGSS

Það girðir fyrir rétt til húsaleigubóta ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

TÍMABUNDNIR HÚSALEIGUSAMNINGAR

Greiðslur húsaleigubóta falla niður þegar tímabundnum húsaleigusamningi lýkur nema umsækjandi skili inn nýjum samningi. Berist ekki nýr samningur innan tveggja mánaða frá lokadegi samnings fellur umsóknin úr gildi.

Húsaleigusamningnum þarf að þinglýsa hjá Sýslumanni og er það gert í því sveitarfélagi sem húsnæðið er í. Leggja þarf inn húsaleigusamning í tvíriti, þar af annað þeirra á löggiltum skjalapappír. Þinglýsingin kostar 1.350 kr og tekur um 2 daga. Þegar þinglýsingu er lokið er þinglýsta eintakið lagt með umsókn. Hægt er að fá húsaleigusamninga á venjulegum pappír og kaupa eintak á löggiltum pappír í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar að Geislagötu 9. Einnig er hægt að sækja húsaleigusamninga á Akureyri.is/þjónusta/húsnæðismál.